

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

54. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 10. febrúar 2016 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir, af hálfu KÍ. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Á kennari sem starfar við kennslu 8 kennslustundir á viku og sinnir öðrum verkefnum í hinum hluta starfsins að raðast í starfsheitið verkefnastjóri eða má greiða honum yfirvinnu fyrir að taka að sér önnur verkefni?

Erindið var kynnt á 53. fundi. Kennarinn sem um ræðir er titlaður tölvuumsjónarmaður. Það felur í sér að hann sér um notendabjónustu í skólanum, símkerfi, heimasíðu og veitir upplýsingaveri skólans þ.e. tölvuveri og bókasafni forstöðu. Þá heldur hann utan um samfellu í upplýsingatækninámi nemenda við skólann, hefur með höndum kennsluráðgjöf í upplýsingatækni og kennir 8 kennslustundir á viku.

Niðurstaða:

Málinu frestað meðan frekari gagna er aflað.

2. Getur verkefni sem skipulagt er af Umhverfis- og skipulagssviði og fram fór dagana 1. – 5. febrúar í grunnskóla talist til uppbrotsdaga?

Niðurstaða

Málinu frestað meðan frekari gagna er aflað.

3. Endurnýjuð heimild til kennara um að afsala sér kennsluafslætti fyrir skólaárið 2016 – 2017.

Niðurstaða

Samstarfsnefnd er sammála um að opna að nýju fyrir afsal kennsluafsláttar og verður framkvæmd þess með eftirfarandi hætti:

Frá 1. mars 2016 til 20. apríl 2016 geta kennarar, sem eru í starfi á þessu tímabili valið að afsala sér þeim réttindum sem felast í grein 2.5.2.1 um lækkun hámarkskenndu í dagvinnu vegna starfs- og lífaldurs og taki þá laun skv. launatöflu A í kjarasamningi FG og SNS sem undirritaður var 20. maí 2014.

Breytingin, bæði hvað varðar launaröðun og kennsluskyldu tekur gildi frá og með 1. ágúst 2016. Afsalið skal fara fram á þar til gerðu eyðublaði.

Aðilar eru sammála um að upplýsingagjöf vegna málsins til skólastjórnenda og kennara sé mikilvæg og munu báðir aðilar standa fyrir upplýsingagjöf til fyrrgreindra aðila.

4. Mat á kennsluferil kennara

Niðurstaða

Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

5. Önnur mál.

FG kynnti nýjan sjóð, fræðslu- og kynningarsjóður, sem er settur upp fyrir 0,1 % framlag samkvæmt bókun 1 í kjarasamningi aðila frá 20 maí 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:18.